

KJARASAMNINGUR

milli

Kögunar

Og

Rafiðnaðarsambands Íslands

1. gr.

Síðasti gildandi kjarasamningur framlengist til 31. desember 2010 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í þessum samningi felast. Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2009.

2. gr

Á gildistíma samnings þessa breytast launataxtar kjarasamnings sem hér segir (sjá þó 6. gr.):

Við gildistöku	3,25%. Til frádráttar kemur 1,5% sem laun hækkðu 1. janúar 2009
1. mars 2009	3,5%
1. janúar 2010	2,5%

3. gr

Desember- og orlofsuppbætur fyrir fullt starf verða sem hér segir:

Desemberuppbót:

Árið 2009 kr. 77.500

Árið 2010 kr. 79.400

Orlofsuppbót:

Á orlofstímabilinu sem hefst 1. maí 2009 kr. 77.500

Á orlofstímabilinu sem hefst 1. maí 2010 kr. 79.400

4. gr


Frá gildistöku samningsins greiðir Kögun 0,13% gjald af heildarlaunum starfsmanna í endurhæfingarsjóð sem starfar samkvæmt sérstöku samkomulagi aðila vinnumarkaðarins.

5. gr.

Ákvæði um veikindi barna hljóði svo:

Fyrstu sex mánuði í starfi hjá Kögun er foreldri heimilt að verja tveimur dögum fyrir hvern unninn mánuð til aðhlynningar sjúkum börnum sínum undir 13 ára aldri, enda verði annarri umönnun ekki við komið. Eftir 6 mánaða starf verður rétturinn 12 dagar á hverju 12 mánaða tímabili. Foreldri heldur dagvinnulaunum sínum, svo og vaktaálagi þar sem það á við.

Kögun hf



Með foreldri í 1. mgr. er einnig átt við fösturforeldri eða forráðamann, sem er framfærandi barns og komi þá í stað foreldris.

6. gr.

Framlenging samnings / samningsforsendur

Komi til þess að samninganefnd Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins, sem fjallar skal um framlengingu kjarasamninga fyrir lok júní 2009, nái samkomulagi um breytingu á kjarasamningum eða aðrar dagsetningar launahækkana skal sama gilda um þennan samning.

[Samkvæmt samkomulagi ASÍ og SA frá 25. febrúar 2009 er ákvörðun um endurskoðun kjarasamninga frestað og skal taka ákvörðun um dagsetningar launahækkana eigi síðar en í júní 2009. Hækkun 1. mars 2009 skv. samningi þessum frestast því í samræmi við þann samning.]

Náist ekki samkomulagi um áframhaldandi gildi kjarasamninga, verður heimilt að falla frá framlengingu samningsins frá lokum júní 2009. Skal þá sá aðili sem ekki vill framlengingu samningsins skýra frá þeirri ákvörðun og fellur þá samningurinn úr gildi frá lokum júní 2009, ella framlengist samningurinn til 31. desember 2010.

Komi til þess að grípa verði til almennrar launalækkunar hjá starfsmönnum Kögunar á árinu 2009 er Kögun heimilt að fella niður 3,5% hækkun launa skv. samningi þessum. Hefur niðurfelling þeirrar launahækkunar sama gildistíma og almenn launalækkun annarra starfsmanna Kögunar. Beiti Kögun heimild þessari er Rafiðnaðarsambandi Íslands heimilt að segja upp kjarasamningnum og tekur uppsögn gildi einum mánuði eftir að tilkynning um uppsögn berst Kögun.

Reykjavík, 2. apríl 2009

F.h. Kögunar

F.h. Rafiðnaðarsambands Íslands

Bókun.

Samningsaðilar stefna að því að hverfa frá sérstökum samningi milli RSÍ og Kögunar, en byggja þess í stað á almennum samningi SA við RSÍ með sérstökum viðauka ef þess er þörf. Á samningstímanum verði samningurinn jafnframt endurskoðaður með það fyrir augum að einfalda launalið kjarasamningsins.